



# ÁRSSKÝRSLA

STJÓRNAR BOROENNIS-  
SAMBANDS ÍSLANDS

LÖGÐ FRAM Á ÁRSPINGI 1973.



Lög  
BORÐTENNISAMBANDS ÍSLANDS

1.gr.  
Borðtennissamband Íslands (BTÍ) er æðsti aðili um öll borðtennismál innan vébanda Íþróttasambands Íslands (ÍSí).

2.gr.  
Borðtennissamband Íslands er samband borðtennisráða og héraðs-sambanda og eru öll félög innan ÍSí, er iðka, æfa og keppa í borð-tennis, aðilar að BTÍ.

3.gr.  
Starf BTÍ er í meginatriðum:  
a) Að hafa yfirstjórn allar íslenskra borðtennismála.  
b) Að vinna að eflingu borðtennis í landinu og koma fram erlendis fyrir hönd borðtennisins. Með hæfilegum fyrirvara skal BTÍ tilkynna framkvæmdastjórn ÍSí áætlanir sínar og ákvarðanir um samskipti við útlönd.

4.gr.  
Málefnum BTÍ stjórna:  
a) Borðtennisþingið.  
b) Stjórn BTÍ

5. gr.  
Borðtennisþingið fer með æðsta vald í málefnum BTÍ. Þingið sitja fulltrúar frá þeim aðilum, sem mynda BTÍ. Fulltrúafjöldi hvers aðila fer eftir tölu virkra borðtennismanna, ~~16 ára og eldri~~, þannig að fyrir allt að 25 menn koma 2 fulltrúar og síðan 1 fyrir hverja 25 eða brot úr 25 upp í allt að 100 iðkendur, og þá 1 fulltrúi að auki fyrir hverja 50 iðkendur þar fram yfir.

Þingið skal árlega háð í október. Skal boða það bréflega með minnst 2ja mánaða fyrirvara. Málefni sem sambandsaðilar óska, að tekin verði fyrir á þinginu, skulu tilkynnt stjórn BTÍ minnst 21 degi fyrir þingið.

Þá skal stjórn BTÍ tilkynna sambandsaðilum dagskrá þingsins, ásamt tillögum og lagabreytingum, sem borist hafa, í síðasta lagi 10 dögum fyrir þing. Borðtennisþingið er lögmat, ef löglega hefur verið til þess boðað.

6.gr.  
Á borðtennisþinginu hafa fulltrúar einir atkvæðisrétt, en auk þeirra eiga rétt á þingsetu og hafa þar málfrelsi og tillögurétt:

- Stjórn BTÍ, varastjórn og endurskoðendur.
- Sambandsráð ÍSí.
- Fastráðnir starfsmenn BTÍ og ÍSí.
- Fulltrúar borðtennisdómarafélaga.
- Allir nefndarmenn BTÍ.
- Borðtennisdómstóll.
- Formaður Ólympíunefndar Íslands.
- Íþróttafulltrúi og Íþróttanefnd ríkisins.

auk þess getur stjórn BTÍ boðið öðrum aðilum þingsetu, ef hún telur ástæðu til.

Aðeins sá sem er í félagi, sem iðkar borðtennis innan sérráðs eða héraðssambands, er kjörgengur fulltrúi þess á borðtennisþingið og eigi hann heima innan héraðs. Hver fulltrúi hefur aðeins ~~þing- og~~ 1 atkvæði. Þegar langt og dýrt er að sækja þingið, þá má heimila, að fulltrúi fari með fleiri en 1 atkvæði, en aðeins með atkvæði þess aðila- sérráðs eða héraðssambands (félags) sem hann er fulltrúi fyrir. Umboð, sem jafnframt er beiðni til þingsins um, að fulltrúi megi fara með fleiri en eitt atkvæði, verður að vera skriflegt og vera frá stjórn hlutaðeigandi sambandsaðila.

7.gr.  
Aukapung má halda, ef nauðsyn krfur eða helmingur sambandsaðila óskar þess. Alla boðunar- og tilkynningarfresti til aukapings má hafa helmingi styttri en til reglulegs þings. Fulltrúar á aukapungi eru þeir sömu og voru á næsta reglulega þingi á undan, og gilda sömu kjörbréf. Þó má kjósa að nýju í stað fulltrúa, sem er látinn, veikur eða fluttur úr héraðinu eða forfallaður á annan hátt. Á aukapungi má ekki gera laga- og leikreglnabreytingar og ekki kjósa stjórn, nema bráðabirgðastjórn, ef meirihluti kjörinnar aðalstjórnar hefur sagt af sér eða hætt störfum af öðrum orsökum. Að öðru leyti gilda um það sömu reglur og um reglulegt borðtennisþing.

8.gr.  
Störf borðtennisþings eru:  
1) Þingsetning.  
2. Kosnir fastir starfsmenn þingsins.  
3. Kostnar fastar nefndir: a) Kjörbréfanefnd.  
b) Fjárhagsnefnd. ✓  
c) Laga- og leikreglnanefnd. ✓  
d) Allsherjarnefnd.

Nefndir þessar eru skipaðar 3 mönnum hver.

- Fráfarandi stjórn gefur skýrslu sína.
  - Gjaldkeri leggur fram endurskoðaða reikninga sambandsins til samþykktar.
  - Stjórnin leggur fram fjárhagsáætlun fyrir næsta ár.
  - Lagðar fram laga- og leikreglnabreytingar þær, sem fram hafa komið.
  - Teknar til umræðu aðrar tillögur og önnur mál, sem borist hafa til stjórnarinnar.
- Þinghlé.

Borðtennisdeild ÍSH



## SKYRSLA STJÓRNAR UM STARFSEMINA Á SL. ÁRI.

Stofnþing BTÍ var haldið 12. nóvember 1972.  
Stjórn Íþróttasambands Íslands boðaði til þingsins.  
Setti Gísli Halldórsson forseti ÍsÍ þingið og stýrði því.

Stofnaðilar voru 10, og voru það: ÍBR - HSK - UMSK - ÍBH -  
ÍBK - HSP - ÍA - ÍBA - ÍS - ÍBV.

Á stofnþinginu voru samþykkt lög sambandsins. Síðan var kosið í  
stjórn og trúnaðarstöður.

Formaður: Sveinn Áki Lúðvíksson

Meðstjórnendur: Gunnar Andrésen  
Margrét Bjarnadóttir  
Sigurður Guðmundsson  
Pétur Ingimundarson

Varastjórn: Guðmundur Ólafsson  
Ólafur Theódórsson  
Friðrik Bjarnason

Borðtennisdómstóll: Björn Finnbjörnsson  
Ólafur Ólafsson  
Magnús Bjarnason

Varamenn í dómstól: Þórður Snæbjörnsson  
Ágúst Óskarsson  
Guðmundur Guðmundsson

Endurskoðendur: Sigurður Hall  
Alexander Árnason

Fyrsti stjórnarfundur var haldinn 21.11 '72 og skipti stjórnin  
þannig með sér verkum:

Varaformaður: Sigurður Guðmundsson

Ritari: Gunnar Andrésen

Gjaldkeri: Margrét Bjarnadóttir

Bréfitari: Pétur Ingimundarson

Guðmundur Ólafsson, sem er í varastjórn, var kjörinn varagjaldkeri.

Einnig var á þessum fundi kosið í nefndir:

Íslandsmótsnefnd: Ragnar Ragnarsson  
Pétur Ingimundarson  
Guðmundur Sigurvinsson  
Björgvin Jóhannesson

Flokkamótsnefnd: Guðmundur Ólafsson  
Sigurður Hall  
Hjálmar Aðalsteinsson

Leikreglunefnd: Ólafur Garðarsson  
Viktor Magnússon  
Sveinn Áki Lúðvíksson

Samþykkt var merki sambandsins: Rauður borðtennispaði á svörtum  
grunni, með stöfunum BTÍ í bláum lit, út úr spaðanum.



Sótt var um inngöngu í Alþjóða- og Evrópu borðtennissamböndin, þar sem það er nauðsynlegt vegna samskipta við önnur lönd. Hefur nýlega borist samþykki um aðild Íslands að Alþjóðasambandinu.

Stjórnarfundir voru haldnir sbr. fundargerðarbók, varðandi ýmis málefni sem efst voru á baugi.

Komið var á samskiptum við Færeyinga í borðtennis. Var háð landskeppni á Tvøreyri í Færeyjum, 7. apríl 1973, þar sem Ísland vann 18 - 11. Eftirfarandi menn voru valdir í landslið til fararinnar:

Hjálmar Aðalsteinsson - KR  
Ragnar Ragnarsson - Örninn  
Björn Finnbjörnsson - Örninn  
Ólafur H. Ólafsson - Örninn  
Jóhann Örn Sigurjónsson - Örninn  
Birkir Þ. Gunnarsson - Örninn

Þeir unglingar sem valdir voru í landsliðið til Færeyjafararinnar voru:

Gunnar Þ. Finnbjörnsson - Örninn  
Jón Sigurðsson - ÍBK

Í einstaklingskeppninni daginn eftir, sigraði Hjálmar Aðalsteinsson - KR. Í öðru sæti varð Gunnar Þ. Finnbjörnsson - Örninn.

Verða landskeppnir milli Íslands og Færeyja nú árlegur viðburður.

F lokkamót Íslands var háð á Akranesi, í Reykjavík og í Keflavík, 14.-23. apríl, og bar Örninn sigur úr bítum, en í öðru sæti varð ÍBK og í þriðja sæti ÍA.

Íslandsmeistaramótið í borðtennis 1973, var haldið 27. apríl og 1. maí. Um kvöldið 1. maí var haldið lokahóf í Glæsibæ, þar sem verðlaunaafhending fór fram. Úrslit voru þessi:

Einliðal. karla meistarafli:

1. Hjálmar Aðalsteinsson - KR
2. Ragnar Ragnarsson - Örninn
3. Björn Finnbjörnsson - Örninn

Einliðal. karla 1.fl:

1. Magnús Jónsson - Ármann
2. Haukur Sigurðsson - ÍA
3. Gunnar Gunnarsson - Grótta

Einliðal. kvenna:

1. Guðrún Einarsdóttir - Gerpla
2. Margrét Rader - KR
3. Sigrún Pétursdóttir - KR

Einliðal. unglunga:

1. Gunnar Þ. Finnbjörnsson - Örninn
2. Jón Sigurðsson - ÍBK
3. Einar Oddur Ólafsson - Örninn

Tvenndarkeppni:

1. Sigrún Pétursdóttir og Hjálmar Aðalsteinsson - KR
2. Laufey Gunnarsdóttir og Ólafur H. Ólafsson - Örninn
3. Sólveig Sveinbjörnsdóttir og Bjarni Jóhannesson - Gerpla

Tvíliðal. karla:

1. Björn Finnbjörnsson og Jón A. Kristinsson - Örninn
2. Hjálmar Aðalsteinsson og Finnur Snorrason - KR
3. Birkir Þ. Gunnarsson og Ólafur H. Ólafsson - Örninn



Tvíliðal. kvenna:

1. Guðrún Einarsdóttir og Sólveig Sveinbjörnsdóttir - Gerpla
2. Margrét Rader og Sigrún Pétursdóttir - KR
3. Hulda Halldórsdóttir og Munda Jóhannsdóttir - Gerpla

Tvíliðal. unglunga:

1. Gunnar Þ. Finnbjörnsson og Jónas Kristjánsson - Örninn
2. Sigurður Gylfason og Elvar Eliásson - ÍA
3. Hjörtu Jóhannsson og Bjarni Friðriksson - IBK

Íslandsmeistaramótið var með nýju fyrirkomulagi til reynslu, og var það þannig að menn féllu ekki úr keppni fyrr en eftir 2 töp.

Fyrir Íslandsmeistaramótið var valinn meistaraflokkur Íslands í borðtennis, 16 menn :

1. Hjálmar Aðalsteinsson - Kr
2. Ragnar Ragnarsson - Örninn
3. Björn Finnbjörnsson - Örninn
4. Ólafur H. Ólafsson - Örninn
5. Jón A. Kristinsson - Örninn
6. Ragnar Kristinsson - Örninn
7. Gunnar Hall - Ármann
8. Birkir Þ. Gunnarsson - Örninn
9. Jóhann Örn Sigurjónsson - Örninn
10. Finnur Snorrason - KR
11. Sigurður Hall - Ármann
12. Sigurður Jóhannsson - Ármann
13. Gísli Antonsson - Ármann
14. Emil Pálsson - Ármann
15. Jósep Gunnarsson - Ármann
16. Ólafur Garðarsson - Örninn

Eftir Íslandsmeistaramótið ganga 3 efstu mennirnir í 1. flokki einliðal. karla, þeir Magnús Jónsson - Á -, Haukur Sigurðsson - ÍA - og Gunnar Gunnarsson - Grótta - upp í meistaraflokk.

Samnorrænt unglinganámskeið var haldið í Landskrona í Svíþjóð dagana 29. júlí - 4. ágúst. Hjálmar Aðalsteinsson var fararstjóri og voru 4 unglingar héðan sem sóttu námskeiðið. Þess má geta að strax á eftir voru 15 íslendingar á alþjóðlegum borðtennisskóla í Kolbotabaden í Svíþjóð í tvær vikur.

Í ágúst hófust viðræður við Hr. Lin Hua hjá Kínverska sendiráðinu um heimsókn Kínverska landsliðsins í borðtennis hingað til Íslands. Hefur nú verið ákveðið að heimsókn þessi verði í byrjun desember nk. Eru margir sem telja þetta merkasta íþróttaviðburð ársins.

Send hefur verið út skrá um starfsemina í vetur. Kemur þar ma. fram að landsleikur verður við Færeyinga í Reykjavík um næstu helgi.



## Samskipti við útlönd.

---

- a. Færeyjar - Ísland
  - b. Samnorrænt unglinganámskeið í Svíþjóð.
  - c. Norðurlandamótið 1973.
- a. Mjög ánægjulegt samstarf er hafið við frændur vora og nágrannaþjóð, Færeyinga. Ákveðið hefur verið að halda landsleik árlega til skiptis í Færeyjum og á Íslandi. Formaður borðtennisdeildar ISF, Sverre Midjörd, hefur verið aðal milligöngumaður af Færeyinga hálfu. Borðtennis í Færeyjum er af svipuðum styrkleika og hjá okkur og er því ávallt um spennandi keppni að ræða.
  - b. Síðastliðið sumar sendum við unglinga á samnorrænt unglinganámskeið, sem haldið er til skiptis á Norðurlöndunum. Er þetta annað árið sem við njótum góðs af því að vera meðlimir í Norræna sambandinu. Er þakkarvert hve miklum skilningi við eigum að mæta hjá hinum Norðurlandapjóðunum, og þá sérstaklega hjá Hr. Erik Extergren, formanni Norræna Borðtennissambandsins.
  - c. Íslendingar taka þátt í Norðurlandamótinu í annað sinn nú í haust. Það verður haldið í Randers í Danmörku, dagana 16-17. nóvember. Þrátt fyrir engan sigur síðast í Noregi, þá er mikil reynsla, að taka þátt í slíkum mótum.

Valdir hafa verið keppendur til utanfararinnar og hefur verið æft frá 1. sept. s.l. og hefur Hjálmar Aðalsteinsson verið landsliðsþjálfari. Þeir sem fara á Norðurlandamótið eru:

Karlar: Hjálmar Aðalsteinsson - KR Fyrirliði  
Ólafur H. Ólafsson - Örninn  
Ragnar Ragnarsson - Örninn  
Jón A. Kristinsson - Örninn  
Birkir Þ. Gunnarsson - Örninn

Konur: Sólveig Sveinbjörnsdóttir - Gerpla  
Guðrún Einarsdóttir - Gerpla  
Margrét Rader - KR

Unglingar: Gunnar Þ. Finnbjörnsson - Örninn  
Jón Sigurðsson - ÍBK

Fararstj: Sigurður Guðmundsson  
Pétur Ingimundarson

Samtímis mótinu er haldinn fundur Norræna borðtennissambandsins og verður Sveinn Áki Lúðvíksson fulltrúi Íslands á fundinum.



Vetrardagskrá B.T.Í. 1973 - 1974.

1. Landsliðaæfingar:

Sérþrógramm - 8 karlar, 4 unglingar, 4 konur.

2. Ársþing B.T.Í.: Sunnudaginn 28. október '73 - Hótel Esja, Rvík.

3. Heimsókn Færeyinga:

a. Landsleikur - Sunnudaginn 21. október kl. 14.00.

b. Opið mót - dagsetning óákveðin.

4. Dómaranámskeið:

a. Fræðilegt.

b. Verklegt.

c. Stofnun dómarafélaga.

d. Afhending skírteina.

laugardaginn 5. janúar og

sunnudaginn 6. janúar 1974

kl. 14.00.

5. Norðurlandamótið: 17.-18. nóvember í Randers, Danmörku.

3 konur, 2 unglingar, 5 karlar, 2 fararstjórar.

6. Heimsókn Kíverja: ca. 28. nóvember - 8. desember.

a. Sýning, fimmtud. 29. nóv. - Kl. 20.30-23.00.

b. Landsleikur, mánud. 3. des. - Kl. 20.30-23.00.

c. Ferð til Akureyrar

d. Ferð til Akraness

e. Ferð til Keflavíkur

f. Skoðunarferð um Gullfoss, Geysi og Þingvelli

g. Skoðunarferð til Vestmannaeyja

(óvíst)

"

"

"

"

"

7. Arnarmótið: Laugardaginn 19. janúar - Kl. 14.00-18.00

8. Héraðsmót:

a. Reykjavíkurmót er ca. 15. febrúar

Áriðandi er, að aðrar deildir tilkynni mót sín til B.T.Í.

9. Íslandsmót í flokkum:

"Swaithling" einföld umferð.

10. Íslandsmót unglunga:

a. Einliðaleikur - Laugardaginn 16. marz kl. 14.00-22.00

b. Tvíliðaleikur - Sunnudaginn 17. marz kl. 10.00-15.00

11. Íslandsmót fullorðinna:

a. Tvíliðaleikur og tvenndarkeppni, laugard. 6. apríl

kl. 14.00-22.00

b. Einliðaleikur, sunnudaginn 7. apríl -

kl. 10.00-16.00

c. Lokahóf

12. Sjónvarpsmótið.

13. Samnorræna unglinganámskeiðið.

14. Internationalla Bordtennisskola Kolbotabaden, Svíþjóð.

15. Þjálfaranámskeið.



BORÐTENNISAMBAND ÍSLANDS

Rekstrareikningur frá 12. nóv. 1972 til 18. okt. 1973.

Tekjur:

Styrkur frá Í.S.Í.	109.926,00
Þátttökugjöld í mótum	31.600,00
Auglýsingar í leikskrá	35.500,00
Ferðasjóður v/Færeyjaferðar	<u>27.000,00</u>
	<u>204.026,00</u>

Gjöld:

Ferðakostnaður	82.781,00
Félagsgjöld í erl. samböndum	14.136,00
Verðlaun á mót og áritun	20.950,00
Húsaleiga	22.253,00
Skrifstofukostnaður	6.560,00
Auglýsingar	10.388,00
Annað	6.110,00
Tekjur umfram gjöld	<u>40.848,00</u>
	<u>204.026,00</u>

Ofanritaðan rekstrarreikning hefi ég endurskoðað og ekkert fundið athugavert.

Reykjavík, 26. okt. 1973

Sigurður Hólm



EFNAHAGSREIKNINGUR

pr. 18.10. 1973

Eignir:

Inneign á áv.reikn. nr. 2605 við Iðnaðarb.	8.947,00
Útistandandi ógr. styrkur frá Í.S.Í.	4.026,00
Peningar í sjóði	11.375,00
Ritvél	<u>16.500,00</u>
	<u>40.848,00</u>

Skuldir og eigið fé:

Höfuðstóll pr. 18.10. 1973	<u>40.848,00</u>
	<u>40.848,00</u>

Ofanritaðan efnahagsreikning hefi ég endurskoðað og ekkert fundið athugavert.

Reykjavík, 26. okt. 1973

Þigurður Hólm



ÍSLANDSMÓT 1973.

TEKJUR:

Flokkakeppni	4.800,00	
Íslandsmót	26.800,00	
Augl. í leikskrá	<u>35.500,00</u>	
	67.100,00	67.100,00

GJÖLD:

Húsaleiga	17.253,00	
Verðlaun	20.950,00	
Auglýsingar	10.388,00	
Skrifstofukostn.	4.076,00	
Kostn. við lokahóf	<u>5.600,00</u>	
	58.267,00	<u>58.267,00</u>
		8.833,00

Rekstrarafgangur  
af Íslandsmóti 1973      kr. 8.833,00  
=====



## Fjárhagsáætlun

### Tekjur áætlaðar:

Peninga eign frá f. ári	24.500,00
Styrkur frá I.S.I	200.000,00
Hagnaður af heimsókn Kínverja og öðrum mótum	56.000,00
Kennslustyrkir	20.000,00
Sala á leikreglum	25.000,00
Tekjur af auglýsingum	30.000,00
	<hr/>
	355.500,00
	<hr/> <hr/>

### Gjöld áætluð:

Heimsókn Færeyinga	55.000,00
Norðurlandamót	
Æfingar	40.000,00
Fargjöld	200.000,00
	<hr/>
	240.000,00
÷ Spjaldhappdrætti og dansleikur	40.000,00
	<hr/>
Skrifstofukostnaður	10.000,00
Landsliðsbúningar	15.000,00
Erlendur þjálfari og námskeið fyrir keppendur og þjálfara innlenda	100.000,00
Útgáfa á leikreglum	50.000,00
Dómaranámskeið	15.000,00
Þátttökugjöld og félagsgjöld í erl. félagasamtökum	20.000,00
Verðlaunapeningar	35.000,00
Auglýsingar	15.000,00
Annað	500,00
	<hr/>
	355.500,00
	<hr/> <hr/>



Íslandsmeistarar frá upphafi í borðtennis.

Einliðaleikur karla.

- 1971. Björn Finnbjörnsson, Ö.
- 1972. Björn Finnbjörnsson, Ö.
- 1973. Hjálmar Aðalsteinsson, KR.

Tvíliðaleikur karla.

- 1971. Ólafur H, Ólafsson / Birkir Þ. Gunnarsson, Ö.
- 1972. Ragnar Ragnarsson / Jóhann Ó, Sigurjónsson. Ö.
- 1973. Björn Finnbjörnsson / Jón A. Kristinsson, Ö.

Einliðaleikur karla 1. fl.

- 1973. Magnús Jónsson, A.

Einliðaleikur kvenna.

- 1971. Margrét Rader, KR.
- 1972. Margrét Rader, KR.
- 1973. Guðrún Einarisdóttir, Gerplu.

Tvíliðaleikur kvenna.

- 1971. Margrét Rader / Sigrún Pétursdóttir, KR.
- 1972. Sólveig Sveinbjörnsdóttir / Guðrún Einarisdóttir, Gerplu.
- 1973. Sólveig Sveinbjörnsdóttir / Guðrún Einarisdóttir, Gerplu.

Tvenndarkeppni.

- 1971. Sigrún Pétursdóttir / Gunnar Gunnarsson, KR.
- 1972. Björn Finnbjörnsson / Elísabet Simsen, Ö.
- 1973. Sigrún Pétursdóttir / Hjálmar Aðalsteinsson, KR.



Einliðaleikur unglunga.

- 1971. Sigurður Gylfason, IA.
- 1972. Hjálmar Aðalsteinsson, KR.
- 1973. Gunnar Þ. Finnbjörnsson, Ö.

Tvíliðaleikur unglunga.


- 1971. Sigurður Gylfason / Elvar Elíasson, IA.
- 1972. Gunnar Þ. Finnbjörnsson, / Jónas Kristjánsson, Ö.
- 1973. Gunnar Þ. Finnbjörnsson / Jónas Kristjánsson, Ö.








Isländemeistararnót 1973.  
 Þinliðaleikur Karla 1. flokkur.
















Tvíliðaleikur kvenna. Íslandsmeistararnót 1973.













1-1. Staðir unglínna.

